



# Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. verður haldinn 29. apríl 2014

Stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf. boðar til aðalfundar í félaginu sem haldinn verður á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík, þriðjudaginn 29. apríl 2014 og hefst stundvíslega kl. 16.00.

## Drög að dagskrá fundarins eru svohljóðandi:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið reikningsár með athugasemdum endurskoðanda.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps félagsins á síðastliðnu reikningsári og framlög í varasjóð.
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins skal lögð fram og atkvæði greidd um hana.
5. Tillögur til breytinga á samþykktum, ef borist hafa.
6. Kosning stjórnar félagsins.
7. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
8. Ákvörðun um þóknun stjórnar félagsins.
9. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál, sem löglega eru upp borin.

Hluthafar eiga rétt á að leggja fram mál og/eða ályktunartillögur fyrir fundinn ef gerð hefur verið skrifleg eða rafræn krafa um það eigi síðar en 10 dögum fyrir fund. Hafi hluthafar krafist þess að tiltekið mál eða ályktun verði tekið fyrir verður endanleg dagskrá og tillögur uppfærðar á vefsíðu félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir aðalfundinn. Hægt er að senda tillögur eða ályktanir fyrir fundinn á veffangið [stjorn@sjova.is](mailto:stjorn@sjova.is).

Hluthafar geta einnig lagt fram spurningar er verða auglýsta dagskrárlíði á aðalfundinum sjálfum. Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa er að finna á vefsíðu félagsins [www.sjova.is/fjarfestar/hluthafafundur](http://www.sjova.is/fjarfestar/hluthafafundur).

Atkvæðagreiðslur á aðalfundinum verða ekki skriflegar nema ef einhver fundarmanna krefst þess. Stjórnarkjör skal þó vera skriflegt ef fleiri eru í kjöri til stjórnar en kjósa skal. Kveðið er nánar á um stjórnarkjör í samþykktum félagsins en kosið er eftir hlutfallskosningu. Athygli er þó vakin á ákvæðum samþykta um hlutfall kynja í stjórn félagsins.

Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Hluthafar geta óskað eftir því að fá atkvæðasedla senda til sín og skal skrifleg beiðni þar um hafa borist félaginu a.m.k. fimm dögum fyrir auglýstan aðalfund. Hluthafar geta jafnframt vitjað atkvæðasedla í höfuðstöðvum félagsins frá sama tíma og greitt þar atkvæði.

Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað og mætt er fyrir helming hlutafjár í félaginu. Frestur til að tilkynna framboð til stjórnar lýkur fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfang, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjäreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu. Framboðseyðublöð er hægt að nálgast á vefsíðu félagsins. Upplýsingar um frambjóðendur verða aðgengilegar á vefsíðunni [www.sjova.is/fjarfestar/hluthafafundur](http://www.sjova.is/fjarfestar/hluthafafundur) að lágmarki tveimur dögum fyrir aðalfund.

Endanleg dagskrá aðalfundar og fundargögn, þ.á.m. tillögur stjórnar, sem lögð verða fyrir aðalfund eru birt á vefsíðu félagsins [www.sjova.is/fjarfestar/hluthafafundur](http://www.sjova.is/fjarfestar/hluthafafundur) og liggja frammi á skrifstofu þess í Kringlunni 5, 103 Reykjavík.

Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig á aðalfundinn á fundarstað frá kl. 15.30 á aðalfundardag. Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Reykjavík 3. apríl 2014  
Stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf.

**SJÓVÁ**